

Verkstæði: 2002½ Vernon Place
The Time Shop
 J. H. Strømme, eigna.
 Fr. og gullsmiða-áæfing.
 Arelaust verk.
 Heimili: 6465 20th Ave. N. W.
 SEATTLE WASH.

Nokkrar tækifærisvísir.

(Eldur kom upp á "Lögbergi" og varð ekki stöðvaður fyrir en brunnið var upp það sem eftir var óselt af "Kviðlingum" K. N. Er eldurinn spurðist, kvæð K. N. þessa vísu.)

Deir hafa brent upp bullið mitt, brjáláð mentir slyngar. Deir hafa kent mér þetta og hitt, Þessir prentvillingar.

Ritdómur í Lögbergi.
 Alt af rís upp einhver ný orsök tjóns og kvilla. Lögbergingum þykir þri- þyrnið stínga illa.
 Olafur Skandali.

Til minnis um 12. des. (Aðsent.)

Lengi lífi vort mengi. —Lát manning birtast sannan— Þó drengir í dýrðargengi "Dannebróki" hver annan. — Þrengdi að Dana-pengli, Þryti hans forði af "orðum", Ef mistellur manndóms allar Mildingur fylla skyldi.
 Anon.

Fjær og nær

Ungmeyjafélagið "Aldan" heldur spilafund og selur kaffi í kjallarasal Sambandskirkjunnar mánudaginn 4. janúar kl. 8. síðdegis. Fundur verður haldinn í félaginu, miðvikudaginn 6. janúar, kl. 8 síðdegis, að heimili Miss H. Kristjánsson, 624 Victor Str.

Arsfundur Court Vinland, C. O. F. verður haldinn í Goodtemplarasalnum á þriðjudagskvöldið kemur, 5. janúar. Aritaðni að sem allra flestir meðlimir deildarinnar mæti þar. — Látið það ekki bregðast.

Mr. Julius Jónasson smiður, á Elgin Ave., kom heim rétt fyrir jólin sunnan frá Chicago, þar sem hann hefir dvalið í tvö og hálf ár við smiðar.

Hann segir The Icelandic Club of Chicago, "Visir", vera vel lifandi og með miklu fjöri. Félagið hefir haldið tvær samkomur, það sem af er vetrinum. Á þeirri síðari var gestur félagsins Mr. Arni Eggertsson, hēðan úr bænum. Var hann á leið suður til Florida. A samkomunni hélt Mr. Eggertsson mjög skemtilega og fræðandi ræðu um samband Austur- og Vestur-Islandinga.

Félagið heldur samkomur sínar í norsku fundarhúsi, og taka Norðmenn nokkurn þátt í skemtunum þess. A síðasta fundi sýndu norskir piltar og stúlkur þjóðdans sinn og einnig þjóðbúning.

Mr. Julius fór aftur til Chicago á mánudaginn var.

Meðal þeirra, er komið hafa til bæjarins nú um hátíðirnar úr fiskiverum Islandinga, var Mr. Benedikt Olafsson, sem stundað hefir fiski frá Oak Point í vetur. Kvæð hann marga Islandinga vera þar saman komna og töluvert fjórugt félagslíf á meðal þeirra. Gerði hann einkum orð á því, hve mikill áhugi væri fyrir is- lenzkri glímu meðal þeirra. Væru margir þeirra siglimandi og alt af til í eina bröndóta í fristundum sínum, enda mikill af ungunum og ágætlega snörpum glímumannaefnum. Er þetta gleðilegt frétt, og er vonandi að þessi áhugi haldist, því engin líkamsment- un er ágætari en einmitt islenzka

Miss H. Kristjánsson
 Kennir
 Kjölasaum
 Vinnustofa 582 Sargent Ave.,
 Talsími A-2174.

glíman. Var og svo um langt skeið, að samhlifa latínuskólunum voru það sjómannaaverin á Islandi, sem best héldu, lífinu í glímupróttinni, endurbættu hana og fegrðu. Enda voru það yfirleitt hraustustu og tþpmestu menn þjóðarinnar er fiskiveiðar stunduðu á vetrum. Mun og ekki vera fráleitt, að líkt megi segja um vestur-islenzka fiskimenn.

Mr. Sveinbjörn Olafsson kom hing að til bæjarins frá Chicago, fimtu- dagsmorguninn í síðustu viku. Er ætlan hans að sýna hér hina islenzku kvikmynd, sem auglýst er og getið er um á öðrum stað hér í blaðinu.

Mr. Olafsson hygst að dvelja hér í bænum um tveggja mánaða tíma, eða svo, og mun hann hafa í hyggju að ferðast með myndina eitthvað hér um islenzku bygðirnar er næst liggja. Er enginn efi á því, að hann verður þar alstáar áufúsgestur.

Aritun S. B. Benedicssonar er nú: 564 Victor St., Winnipeg.

I Hkr. um daginn slæddist innu prentvilla í stöku eftir S. B. B. — I fjórðu línu stöð "brjósti", en átti að vera "brosi".

Verzlunarfretir frá Lundar.

Hinni miklu útsölu hjá McLennan er haldið áfram til árslokanna. Sér- stök kjörkaup eru boðin nú síðustu dagana á peysum og öðrum karl- mannafatnaði og karla og kvenna skóm og moccasins. Skautar og rottugildrur eru seldar á hálfvirði. — Harðvara af öllum tegundum er seld á mjög mikill lækkun verði. Sykur og salt er lækkað. — Ágætis te, nýtt og gott, á 50c. — Komið og sjáið oss. Þér munuð ekki verða fyrir vonbrigðum.
 J. K. McLennan.

Auglýsing.

Lesari góður—karl eða kona:— Hafir þú nokkurt brúk fyrir skrif- pappír, þá lát mig senda þér snortan kassa með 200 orkum af góðum, drif- hvitum pappír, 6x7 og 100 umslögum af sömu tegund, með nafni þínu og heimilisfangi prentuðu á hverja ork og hvert umslag — alt fyrir aðeins \$1.50; ellegar með pink eða bláum pappír og umslögum fyrir \$1.75, póst- freitt innan Bandaríkjanna og Can- ada. Eg ábyrgist að þú verður á- nægður (ánægð) með kaupin, hvort heldur þú sendir eftir þessu fyrir sjálfan (sjálf) þig ellegar einhver- vin, sem þú kynnr að vilja gleðja með góðri og fallegri gjöf. — Send nafn og heimilisfang og andvirði til
 F. R. Johnson,
 3048 W. 63rd Ave., Seattle, Wash.

Dr. Tweed tannlæknir verður í Riverton fimtu- og föstudag 7. og 8. janúar, og á Gimli miðviku- og fimtu dag 13. og 14. jan. n. k.

Björn Björnsson, sonur þeirra Mr. og Mrs. S. Björnsson að Castle Point dvelur hér í borginni þessa viku í heimsókn hjá systur sínum og kunn- ingjum. Mr. Björnsson var vestur á Kyrrahafsströnd síðastliðið ár, en kom þaðan aftur í sumar sem leið og hefir verið með foreldrum sínum síðan. Nú hugsar hann til vestur- ferðar aftur um miðjan næsta mánuð.

Ovenjumiklir eldsvoðar hafa orð-

is hér um jólin. Frá jólakvöldi til mánudagskvölds var kallað 44 sin- um á eldið. Sem betur fór, varð óviða mikill tjón. Þó brann stúlka inni á einum stað.

Hreyfimyndin frá Islandi.

sem getið var um að Mr. Sveinbjörn Olafsson ætlaði að sýna í Goodtempl- arahúsinu á nýársdag, verður ekki sýnd þar, heldur á Mac's leikhúsinu, á horninu á Sherbrooke og Ellice, miðviku- og fimtudag 6. og 7. janú- ar.

Vér höfum átt kost á að sjá nokkr ar stækkaðar myndir hjá Mr. Olafs- son, gerðar eftir filmunum, og eru þær frábæra skýrar. Er enginn efi á því, að myndin er bæði skemti- leg og fróðleg. Ekki einungis ættu Islandingar að fjölmenna, heldur væri hið mesta og bezt þjóðræknisverk að fara þangað með erlenda kunn- ingja og vini, því ekkert fræðir eins um land og lífnaðarhætti og góð kvikmynd, næst því að ferðast um landið. Fáfræði manna hér um Is- land er skiljanlega afarmikill, en tölu- verður áhugi að kynna meira land- innu, sem lagt hefir Canada til svo marga góða menn.

Allir Islandingar þurfa að lesa Eimreiðina. Þeim ber því að kaupa hana og borga í tíma.
 594 Alverstone St.,
 Winnipeg, Man., 29. des. 1925.
 Arnjótur B. Olson.

BORGIÐ HEIMSKRINGLU.

ENNÞÁ eru margir, sem ekki hafa sent oss borgun fyrir Heimskringlu fyrir síðastliðið ár. ÞÁ vildum vér biðja að draga það ekki lengur, held- ur senda borgunina strax í dag. ÞEIR, sem skulda oss fyrir marga árganga eru sér- staklega beðnir að grynna nú á skuldum sínum sem fyrst. Sendið nokkra dollara í dag. Miðinn á blaði yðar sýnir, frá hvaða mánuði og ári þér skuldið.

THE VIKING PRESS, Ltd.,
 Winnipeg, Man.

Kæru herrar:—
 Hér með fylgja Dollarar, sem borgun á áskriftargjaldi mínu við Heimskringlu.
 Nafn
 Aritun
BORGIÐ HEIMSKRINGLU.

Hreyfimynd af
ÍSLANDI
 verður sýnd á
Mac's Theatre
 Sherbrooke og Ellice.
 MIÐVIKUDAG OG FIMTUDAG
 6. og 7. janúar
 Orchestra spilar islensk lög
 Inngangur 50c Byrjar kl. 8.15

EIMREIÐIN.

Seinasta hefti hennar fyrir þetta ár (1925) er rétt nú að berast mér í hendur, og er alt eins vandað og fjöl- breyttilegt og verið hefir áður. — Nokkrir kaupendur hennar hafa enn ekki borgað, en eru mintir á að láta það ekki dragast lengur að senda mér árgjaldið. Menn ættu að hafa það í huga, að ritstjóri hennar og útgef- andi er ungur og efnalitt maður, sem muni þurfa að ganga nokkuð nærri sér, að þurfa að kosta allan árg- ganginn áður en honum er sent end- urgjaldið. Hann er sá, sem vafa- laust gefur út beztá timaritíð, sem þjóð okkar hefir nú haft af að segja um nokkur ár, og á því að öllu leyti skilið, að honum sé sýnd ljúf og greið skilsemi. Búast má við að annir séu víðast því valdandi, að þetta hafi enn ekki verið hugleitt. Er nú eru hvíldartímarnar að byrja, og lagfær- ingin líkleg. —

Allir Islandingar þurfa að lesa Eimreiðina. Þeim ber því að kaupa hana og borga í tíma.
 594 Alverstone St.,
 Winnipeg, Man., 29. des. 1925.
 Arnjótur B. Olson.

Beauty Parlor
 at 625 SARGENT AVE.
 MARCEL, BOB, CURT, JOE
 and Beauty Culture in all branches.
 Hours: 10 A.M. to 6 P.M.
 except Saturdays to 9 P.M.
 For appointment Phone B 5012.

Lightning Shoe Repairing
 Simi N°9704
 328 Margrave St. (Nálagt Ellice)
 Skór og stígléið hafa til eftir máli
 Litið eftir fötlokalngum.

Skriftstofutímar: 9-12 og 1-3.30
 Einslag kvöldin af máti er.
Dr. G. Albert
 Fótasérfræðingur.
 Simi A-4021
 525 Somerset Bldg., Winnipeg.

WONDERLAND.
 Myðirnar, sem eru sýndar á Wond- erland þessa og næstu viku, eru engu síðri en jólamyndirnar. Þrjá síðustu dagana í þessari viku er hin ágæta mynd "Sally" sýnd, og hefir hún al- stáar hlotið ótvírett lof. Aðalleik- andinn er Colleen Moore.
 John Gilbert og Norma Shearer, með aðstoð ágætis leikflokks, sjást "The Snob" á Wonderland þrjá fyrstu dagana í næstu viku. Þessi leikarar starfa áð.

WONDERLAND THEATRE
 Fimtu-, föstu- og laugardag í þessari viku:
COLLEEN MOORE í
"SALLY"
 Einnig síðasti partur af "THE 40th DOOR"
 Sömu tíð: Mermaid Comedy.
 Leikhústjórinn og vinnufólkið
óska öllum sínum mörgu vinum og velunnurum Gleðilegs Nýárs
 Mánu-, þriðju- og miðvikudag í næstu viku:
"The Snob"
 Leikendur:
 John Gilbert
 Norma Shearer

HEIMSKRINGLA
 hefir til sölu námsskeið við beztu
VERZLUNARSKÓLA
 í borginni með afföllum. Þeir sem vilja hagnýta sér þessi kjörkaup, ættu að finna ráðsmanninn tafarlaust.

ÆTÍÐ Óviðjafnanleg kaup
 Verð vort er lægra en ástíuvers í öðrum verslunum.
HUGSIÐ!
Beztu Karlmannna Föt og Yfirfrakkar
\$25 \$30 \$35
 HUNDRUD ER AÐ VELJA
 Vör eruð ávallt á undan með beztu Karlmannnafatnaði á .verði sem ekki fæst annars staðar.
 Sparnaður við verslunina svo sem lág húsaleiga ódýr búðargögn, ódýrar auglýsingar, peningaverzlun, mikil umsetning, inn kaup í stór- um stíl og litill ágóði, gera oss mögulegt að selja á mikill lægra verði.
 Vör skrumum ekki — Vör byggjum fyrir framtíðina. Komið og sjáið. Þér verðið ekki fyrir vonbrigðum.
Scanlan & McComb
 ÓDÝRARI
 BETRI KARLMANNAFÖT
 237 PORTAGE AVENUE,
 Hornið & Carlton.
 PÖTIN FARA BETUR
 ÞÉR SPARIÐ MEIRA

Swedish American Line
 TIL ISLANDS ÞRIÐPA PLASS \$122.50.
 Siglingar frá New York:
 Miðvikudag, 9. des., m.s. "GRIPSHOLM" (nýtt)
 "Þriðjudag, 5. jan. 1926. "STOCKHOLM"
 Fimtudag, 14. jan., M. S. "GRIPSHOLM"
 "Laugardag, 6. febr., S.S. "DROTTNINGHOLM"
 **Kemur við í Halifax, Canada, á austurleið.
SWEDISH AMERICAN LINE
 470 MAIN STREET.

SKEMTIFERDIR
 FARBRÉF TIL SÖLU NÚ

AUSTUR-CANADA Farbréf til sölu DAGLEGA til 5. JANÓAR til afturkomu innan 3. mán.	KYRRAHAFS-STRÖND Farbréf til sölu ÁKVÆDNA DAGA DES., JAN., FEBR. til afturkomu 15 apr. 1926	ÆTT-LANDIÐ Farbréf til sölu DAGLEGA til 5. JAN. til Atlanshafnar til afturkomu innan 3. mán.
--	--	---

Sérstakir svefnvagnar til W. St. John í sambandi við jólasiglingar til ættlandsins allar upplýsingar gefnar og aðstoð veitt af Farbréfasölum, Canadian Pacific Railway.

Tilgerðir Turkeys
 sérgrein vor
 Hæsta verð borgað, þegar þér sendið alifugla yðar:— Turkeys, Hænasi, Endur og Gæsir. — Einnig RÍOMA, Egg og Smjör. Til
T. Elliott Produce Co., Ltd.
 57 Victoria Street Winnipeg, Man.